



# Reglugerð um dómnefndir AKÍS

## 1. Gildissvið

Reglugerð þessi er sett með stoð í 13. grein laga Akstursíþróttasambands Íslands (AKÍS) og samkvæmt International Sporting Code frá FIA.

## 2. Tilgangur

Tilgangur reglugerðarinnar er að tryggja skýrar og afmarkaðar reglur um dómnefndir sem fyrsta dómstig dómstóla AKÍS.

## 3. Lögsaga og hlutverk

Dómnefnd er æðsta vald á keppnisstað. Hún ber ábyrgð á að framkvæmd keppna sé eftir reglum, að úrslit séu birt og úrskurðar um kærur sem berast. Dómnefnd hefur vald til að framfylgja reglum AKÍS, ÍSÍ og FIA ásamt sérreglum keppinnar.

## 4. Skipan og hæfi

Dómnefnd skal skipuð minnst þremur einstaklingum og er formaður skipaður af AKÍS af lista yfir samþykktu formenn dómnefnda. Formaður dómnefndar skipuleggur fundi og ber ábyrgð á fundargerðum ásamt því að koma fram fyrir hönd dómnefndar.

## 5. Almennar málsmeðferðarreglur

Keppnisstjóri skal ráðfæra sig við dómnefnd alla keppnina til að tryggja greiða framkvæmd.

Dómnefnd má hefja störf er auglýsing um keppni er birt, en þó eigi síðar en fimm dögum fyrir upphaf keppni. Hún lýkur störfum að öllu jöfnu er hún hefur sent lokaskýrslu sína til AKÍS.

Dómnefnd skal ekki vera ábyrg fyrir framkvæmd eða skipulagi keppinnar. Dómnefndin ber eingöngu ábyrgð gagnvart AKÍS og FIA.

## 6. Ábyrgð

Dómnefnd skal undirrita og senda til AKÍS lokaskýrslu eins fljótt og auðið er eftir lok keppni. Þessi skýrsla innihaldi úrslit keppinnar ásamt upplýsingum um öll mótmæli og úrskurði sem dómnefnd kann að hafa gert ásamt ákvörðunum sem voru teknar um brottvísanir eða aðrar refsingar.

Dómnefnd skal úrskurða hvaða viðurlögum á að beita vegna brots á reglum.

Dómnefnd getur:

- A. breytt sérreglum keppinnar
- B. breytt uppstillingu riðla og flokkaskiptingar
- C. ákveðið endurtekningu á ræsingu
- D. fellt úr gildi ákvörðun dómara
- E. úrskurðað um refsingu og sekt



# Reglugerð um dómnefndir AKÍS

- F. vísað keppendum úr keppni og frá keppnissvæði
- G. bannað keppnistæki sem gætu valdið hættu
- H. frestað keppni til dæmis vegna náttúruhamfara eða annarrar hættu
- I. fært rásmark og endamark
- J. stöðvað keppni
- K. gefið út flokkaskiptingu og úrslit keppni
- L. óskað eftir sérstakri skoðun keppnistækja
- M. tekið á meintri lyfjamisnotkun

Dómnefnd má úrskurða um öll mál sem koma upp í keppni, með fyrirvara um áfrýjun.

## 7. Áfrýjun

Úrskurðum dómnefndar er hægt að áfrýja til áfrýjunardómstóls AKÍS.

## 8. Skipun sérstakra dómnefnda

Stjórn AKÍS er heimilt að skipa dómnefndir í málum sem upp kunna að koma hverju sinni, enda hafi slík atvik ekki komið fram í atvikaskýrslum.

## 9. Kostnaður

Störf dómnefndar eru ólaunuð.

Uppihald og eða ferðakostnaður er ávallt á ábyrgð keppnishaldara.

## 10. Hæfi

Dómnefndarmaður er vanhæfur að fara með mál ef hann er vanhæfur samkvæmt 5. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

---

Samþykkt á ársþingi AKÍS 18. mars 2017 með síðari breytingum.